

Reykjavík, 28. september 2018

Niðurstaða athugunar á upplýsingakerfi Borgunar hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á tilgreindum þáttum varðandi rekstur upplýsingakerfa og notkun upplýsingatækni hjá Borgun hf. í maí 2018. Meginmarkmið athugunarinnar var að leggja mat á viðbragðsáætlun félagsins og áætlun um samfelldan rekstur til að tryggja áframhaldandi starfsemi og takmörkun á tjóni ef alvarleg röskun verður á starfsemi fyrirtækisins, sbr. 2. mgr. 78 gr. g laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Athuginin beindist jafnframt að því að kanna hvort að félagið starfaði í samræmi við leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2014, um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila. Í því skyni var farið yfir verklagsreglur, vinnulýsingar, viðbúnaðaráætlanir, fundargerðir stjórnar félagsins og fleiri gögn.

Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í september 2018.

Að mati Fjármálaeftirlitsins fullnægir fyrirkomulag öryggis upplýsingakerfa hjá Borgun hf. þeim faglegu kröfum sem gerðar eru varðandi framkvæmd, upplýsingagjöf og eftirlit varðandi rekstur upplýsingakerfa.